

**BORGARRÁÐ 12. janúar 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ábendingavef Reykjavíkurborgar - MSS23010125**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram fyrirspurn vegna kynningar á ábendingarvef Reykjavíkur sem fram fór á fundi stafræns ráðs 11. janúar sl. Spurt er hvers vegna svona miklum tíma og fjármunum Þjónustu og nýsköpunarsviðs er varið í alls kyns uppgötvanir, rannsóknir og þróun á lausnum sem fyrir löngu eru komnar í notkun annarsstaðar? Fulltrúinn hefur í langan tíma gagnrýnt þessa einkennilegu nálgun sviðsins og er sú gagnrýni sérstaklega mikilvæg núna þegar litið er til slæmrar stöðu borgarsjóðs. Á þessi nálgun sem í raun byggir á því að uppgötva hið augljósa að halda áfram óbreytt hvað sem það kostar? Í framhaldi af því spyr fulltrúinn hvort ekki hafi verið strax í byrjun athugað hvort til séu tilbúnar ábendingarlausnir á vefjum ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja héraendis sem hefði mátt innleiða hratt og örugglega? Notendahegðun Reykvíkinga er varla svo mikið öðruvísi en annarra notenda að tímafrekrar rannsóknarvinnu og greininga sé þörf með þeim hætti sem hér um ræðir?